


FÉLAGSBLAÐ NÝALSSINNA

Júlí 1967

TÍMARIT UM STJÖRNUSAMBANDSMÁL



Útgefandi: Félag Nýalssinna
Pósthólf 115, Reykjavík.
Ritstjóri: Þorsteinn Jónsson
Úlfsstöðum, Borgarfirði.

bls.

| | |
|--|----|
| Skýring á gamalli sögu | 3 |
| eftir Ingvar Agnarsson | |
| Bjarni á Brekku sjötugur.. .. . | 6 |
| eftir Þorstein Jónsson | |
| Sagt frá draumi | 8 |
| eftir Hauk Sigtryggsson | |
| Alhygð | 9 |
| eftir Þorstein Guðjónsson | |
| Upphaf mannvits og nauðsyn fullkomnari lífsambanda | 10 |
| eftir Ingvar Agnarsson | |
| Lýsandi vera líkamnast | 11 |
| eftir Ingvar Agnarsson | |
| Eftirmæli týndrar ritgerðar | 12 |
| eftir Þorstein Jónsson | |
| Eina ráðið.. .. . | 14 |
| eftir Þorstein Jónsson | |
| Upprisa holdsins | 15 |
| eftir Þorstein Jónsson | |
| Lítill eftirmáli | 16 |
| eftir Þorstein Jónsson | |

BREY TILEGAR STJÖRNUR

Fjölmargar stjörnur himinsins hafa breytilegt birtumagn. Þegar þær eru bjartastar er birta þeirra sumra margfalt meiri, en þegar þær eru daufastar. Orsakir þessarar misbirtu eru margvíslegar. Hjá sumum stjörnum stafar hún af háttbundnum hita og birtusveiflum í stjörnunni sjálfri.

Forsíðumyndin sýnir aftur á móti stjörnu með breytilegu birtumagni, sem stafar af því að dimm stjarna gengur fyrir kringlu hennar að meira eða minna leiti, og orsakar þannig e. h. sólmyrkva þessarar stjörnu frá okkur að sjá, líkt og tunglið veldur sólmyrkva. Eins og allar fjarlægjar stjörnur, er þarna um sól að ræða, og dimmi hnötturinn, sem gengur fyrir hana er venjulega mjög stór. Þessar stjörnur snúast hver um aðra. Umferðartími þeirra er mjög breytilegur, allt frá nokkrum klukkustundum upp í nokkra tugi ára. Skemmtilegt er að fylgjast með birtusveiflum sumra breytilegra stjarna, einkum þeirra sem breyta birtumagni á skömmum tíma. Má nota til þess lítinn sjónauka.

I. A.

Heimildarrit: Manuel pratique
d'Astronomie eftir Lucien Rudaux.

SKÝRING Á GAMALLI SÖGN.

Ég tek hér til meðferðar smákafla úr Gylfaginningu, þar sem segir frá dauða Baldurs og tildraganda hans, en bæti við frásögn Gylfaginningar nokkrum skýringum, byggðum á þeim skilningi, sem rit dr. Helga Þjéurss fá okkur í hendur. Því með þeim skilningi verður ljóst eðli trúarbragða og goðsagna, og sýnir að ekki eru þær sagnir hugarórar einir, heldur er þar um sannar sagnir að ræða frá þroskuðum verum annarra hnatta, sem komizt hafa til okkar fyrir samband sjáenda og annarra sem samband hafa fengið við slíkar verur. Þótt margt sé missagt í goðsögnum, má þó oft greina hinn sanna kjarna þeirra. Og svo hygg ég vera muni um margt það sem sagt er frá í Eddu Snorra Sturlusonar.

I.

Í Gylfaginningu segir frá því, " at Baldr inn góða dreymdi drauma stóra ok hættliga um líf sitt ". Má af þessu skilja, að Baldr hafi fengið sambönd við verri staði en Æsir áttu að venjast, og var þetta fyrsti illsviti þess, er eftir átti að koma.

" En er hann sagði ásunum draumana, þá báru þeir saman ráð sín, ok var þat gert að biðja griða Baldri fyrir alls konar háska ". Það er að segja, að æsir reyndu að stilla Baldr til betri og fullkonnari sambanda. Tókst þetta svo vel, og naut Baldr við þetta svo mikillar magnanar frá em æðri lífsstöðvum, að honum virtust engir hlutir mega granda. " Varð þat síðan skemmtun Baldurs og ásanna, at hann skyldi standa upp á þingum, en allir aðrir skyldu sumir skjóta á hann, sumir höggva til sumir berja grjóti, en hvat sem at var gert, sakaði hann ekki, ok þótt öllum þetta mikill frami ".

Allir Æsir höfðu þannig slegið skjaldborg um Baldr, til að stilla hann til betri sambanda, og hlaut hann við það hina miklu mögnun sem af var sagt. Baldr virðist þannig hafa orðið miðdepill viðleitni ásanna til æðri sambanda, og fullkonnari lífmagnanar. Þar sem segir af þingum ásanna má gera ráð fyrir að þar hafi verið um að ræða stórkostlega sambandsfundi þar sem lengra komnum guðum annarra hnatta hefur tekizt að magna Æsi mun betur en ella.

Hinir slæmu draumar Baldurs benda til þess, að miklar tilraunir hafi verið gerðar til þess úr illum stað, að hnekkja framsókn Ása, og sú tilraun mundi fyrst og fremst bitna á þeim einstaklingi, sem mestrar hylli átti að njóta meðal þeirra. En einmitt þannig má ætla að verið hafi um Baldr. Því er það ráð allra ása að vinna gegn þessum illu öflum, með aukinni sam-

stillingu sín á milli og við sambandsguði sína á öðrum hnetti. Í fyrstu gengur þetta að óskum. Hin illu öfl mega sér ekki við koma. Og Baldur og aðrir æsir eru magnaðri en nokkru sinni fyrr. En illar verur myrkheims eru enn í launsátri og láta einskis ófreistað til að eyðileggja þessa framsókn guðlegrar viðleitni.

Og svo vill einmitt til að einn af ásum, Loki, sem æsir hafa tekið í sitt samneyti, en upphaflega var illur jötunn eða andskoti, sér sér færi á að svíkja þá, sem höfðu ætlað að bjarga honum og hans líkum. Hinum illu verum tekst, fyrir milligöngu hans, að veikja svo samstöðu ásanna, að Baldri er enn hætta búin. Og þar sem Æsir eru farnir að trúá því, að innræti Loka hafi breyzt til batnaðar, eru þeir lítt varðir fyrir árásum úr þeirri átt. Enda er Loki lævís, og gengur ekki hreint til verks, heldur reynir hann að koma illgjörðum sínum yfir á annan, sem grunlaus var um ætlan hans.

" Höður tók mistiltein ok skaut at Baldri at tilvísun Loka. Flaug skotit gegnum Baldr, ok féll hann dauðr til jarðar, ok hefir þat mest óhapp verit unnit með goðum ok mönnum ".

Vera má að frásögn Gylfaginningar af atburðum þessum, beri ekki að taka bókstaflega, enda um að ræða atburði, sem vitneskja hefur fengizt um fyrir sambandsástand. En frásögn þessa mun mega skilja, sem sagnir um viðureign lengra komins mannkyns, við illar verur myrkheims (líklega á sama hnetti), sem reyna eftir mætti að hefta framsókn þeirra. Og hinum illu öflum tekst á þann veg, að sá ástsælasti af ásum verður að lúta í lægra haldi, deyja burt frá ásum, eins og frásögnin ber með sér. Er það mikill ósigur fyrir æsi og þá auknu framsókn, sem þeir áttu í vændum, ef slíkt ólán hefði ekki borið við.

Athyglisvert í frásögn Gylfaginningar er það, að Baldur skuli fara til helheima, en ekki til fullkonnari bústaða á öðrum hnöttum. Eftir frásögn Eddu er helzt svo að skilja, að framlífsstaður Baldurs hafi orðið á myrkurhlið þess sama hnattar. Orsök þess gæti helzt verið það ofurkapp, sem myrkheimsverur hafa lagt á að tortíma honum. Æsir gera út sendimann til Heljar, að freista þess að bjarga Baldri aftur heim í Ásgarð. Hermóður, bróðir Baldurs réðst til þeirrar farar, og " reið níu nætur dökkva dala og djúpa, svá at hann sá ekki fyrr en kom til árinna Gjallar ok reið á Gjallarbrúna ". Má af því marka, að dimmt hefur verið þar sem hann fór um, en " niður ok norðr liggr helvegr ", segir nokkru síðar í frásögninni.

Hermóður kemur nú til hallar Helju og sér Baldr bróður sinn. " En at morgni þá beiddist Hermóður af Helju, at Baldr skyldi ríða með honum, ok sagði hversu mikill grátr var með Ásum ". En

Hel sagði at þat skyldi svá reyna, hvart Baldr var svá ástsæll, sem sagt er. Ok ef allir hlutir í heiminum, kikvir ok dauðir, gráta hann, þá skal hann fara til ása aftr, en haldast með Helju, ef nokkur mælir við, eða vill eigi gráta ". Baldr og Nanna senda nokkra hluti til minja með Hermóði. Kemur þar enn fram, að um sama hnött er að ræða.

En er Hermóður kemur aftur heim í Ásgarð, senda æsir um allan heim erindreka að biðja at Baldr væri grátinn ór helju, en allir gerðu þat, mennirnir ok kvikendin ok jörðin ok steinarnir ok tré ok allr málmr ". Sýnir frásögn þessi hversu allir í heimi ása, skildu nauðsyn þess að heimta Baldr aftur úr helju. Hefur þarna myndast sterk samstilling í þeim tilgangi. En ekki hefur þó samstilling þessi orðið nógu fullkomin eða algjör. Hefur því valdið mótspyrna hinna illu afla helheima, með Loka sem fulltrúa sinn mitt á meðal Ása. Enda fór svo að tilraun þeirra til að heimta Baldr úr helju, mistókst.

II.

Atburður úr framvindusögu okkar jarðar, sem virðist að einhverju leyti vera hliðstæður frásögn Gylfaginningar af ásum, er viðskipti Kaabers og dr. Helga Pjeturss. Helgi hafði þá um skeið borið fram uppgötvun sína á sambandi lífsins í alheimi og eignast allmarga fylgjendur og aðdáendur þeirrar kenningar. Þá skýtur upp þessum manni allt annarrar tegundar, sem kemur því til leiðar, að fylgi við kenningu dr. Helga dregst stórlega saman, og hefur síðan ekki náð sér aftur. Líkt og segir um Loka, fer Kaaber svo lymskulega að sínu athæfi, að svo til engum dettur í hug að kenna honum um, og flestir skella skuldinni á dr. Helga sjálfan.

Eins og skilja má af Gylfaginningu, stóðu illar verur að baki Loka og illum verkum hans. Á sama hátt má ætla, að ekki hafi Kaaber staðið einn að tilraunum sínum, heldur hafi hann verið studdur samstarfsmönnum hér á jörðu, en einkum hafi hann þó notið stuðnings illra magnaðra vera í fjarlægðu víti einhvers hnattar, sem hann hefur haft samband við vegna skylds innrætis. Hefur sá skilningur komið fram, að það sé vegna þess að slíkar verur sjá fram á endalok valds síns og áhrifa, og þar af leiðandi reikningsskil fyrir misbeitingu máttar síns, sem þær hafa lagt slíkt ofurkapp á að tefja framgang hins rétta. Dómur reiknings-skilanna er það, sem slíkar verur óttast mest.

III.

Ríður nú hið mesta á að vinna aftur upp þau mistök, sem þarna

urðu í framsóknarsögu mannkynsins. Til þess að betur megi takast næst, þarf að treysta enn betur en áður, samhug og samstillingu milli þeirra sem lífsambandið skilja, og treysta enn betur en orðið er samböndin við æðri vitverur annarra hnatta, sem sífellt leitast við að koma hér til hjálpar.

Við getum nokkuð gert okkur í hugarlund, hvílík breyting hefði orðið á högum mannkynsins, ef skilningur á lífsambandinu í alheimi hefði náð fram að ganga, fljótlega eftir að kenning dr. Helga kom fram. Ekki hafði þá orðið um síðari heimstyrjöldina að ræða, með allri þeirri afturför hugarfarsins, sem í kjölfar hennar hefur fylgt. Svo langur tími er liðinn frá því að kenningin kom fram, að líklega væru nú ekki lengur styrjaldir milli þjóða og róstur innanlanda, eins og nú á sér stað víða um heim.

Hnignun hugarfars og illt innræti eru einkenni, sem nú virðast færast mjög í vöxt, og eru raunar ótvíræð helstefnueinkenni. Má segja, að við séum nú þegar komnir að hengiflugi, sem við getum steypzt fram af fyrr en varir, ef ekki er þegar snúið við. Og enn er hægt að snúa við. En til þess mun ekki þurfa minna en algera breytingu á sambandi við aðrar lífstöðvar í alheimi. Taka þarf upp öflugt samband við æðri lífverur annarra hnatta. Og engum ætti að standa það nær en okkur Íslendingum að eiga þar upphaf að.

Ingvar Agnarsson
í Febrúar 1967.

BJARNI Á BREKKU SJÖTUGUR

Lífstefnufylgið
og framlag þitt allt
þökkum þíðum huga.
Raunsanna þekkingu
og ráðin albeztu
sjáir þú sigrá á jörðu.

Skeyti frá Þ. G. og I. A.

Ómaklegt væri af mér að minnast hér að engu Bjarna Bjarnasonar á Brekku í sambandi við sjötugsafmæli hans, sem varð þann 10. maí sl. Er Bjarni einn þeirra manna, sem lengst hafa verið til stuðnings málefni Nýals, og er mér þar fyrst í minni ávarp, sem hann og nokkrir Hornfirðingar birtu í blöðum veturinn 1928 til 29. Var þar djarflega komist að orði og drengilega, og mun Bjarni hafa verið þar fremstur í flokki eins og víst stundum í sumum öðrum greinum. Mun hann

í héraði sínu talsvert hafa komið við sögu, en er þar þó ef til vill kunnastur fyrir brautryðjandi starf í söngmennt.

Það var haustið 1936 að fundum okkar Bjarna bar saman í fyrsta sinn. Var það í Reykjavík, og höfðum við áður mælt okkur þar mót. Man ég, að við fórum þá saman á fund Helga Pjeturss, en næstu daga eða um hálfsmánaðar tíma, sem við dvöldum báðir í Reykjavík, hittumst við svo oft. Stunduðum við þá miðilssamkomur hjá Láru Ágústsdóttur, og nutum þá stundum fulltingis nokkurra annara sam-sinnunga. Voru sumir þeirra í fylgd með Bjarna austan úr Hornafirði en aðrir höfðu gefið sig fram við mig, eftir að ég þremur árum áður hafði í fyrsta sinn reynt að stofna til sambanda þeirra á milli. Höfðum við Bjarni víst aðalforystuna að tilraunum þessum, sem báru víst ekki mikinn árangur. Þó ber þess að geta, sem ég vík eitthvað að í Samtölum mínum, að alveg eindregið kom þar fram, að einungis væri þarna um sambönd að ræða við íbúa annara hnatta.

Það verða á þessu nýbyrjaða sumri 10 ár liðin síðan við nafnar, Þorsteinn Jóseppson og ég, heimsóttum Bjarna austur í Hornafjörð, og voru móttökur þar mjög í samræmi við það, sem Þorsteinn hafði sagt mér af komu sinni þar áður. Dvöldum við nú nokkra daga hjá Bjarna og konu hans, Ragnheiði Sigjónsdóttur, í hinu bezta yfirlæti. Var þetta á miðjum slætti, og gáfu þeir feðgar, Bjarni og Sigjón sonur hans, sér þó góðan tíma til að skemmta okkur á einn og annan hátt. Var stundum leikið fyrir okkur á hljóðfæri og sungið eða þá að þeir feðgar óku með okkur um sitt svipmikla hérað, sem ég fann, að Bjarna er mjög kært. Er birtan frá jöklunum eitt af því, sem hann taldi því til ágætis. Taldi hann hana auka gróður jarðarinnar, og er það í samræmi við þá athugun Helga Pjeturss, að grassprettu var meiri í námunda við hvítt tjald en á samskonar graslendi annarsstaðar. Og nú þegar ég þakka Bjarna fyrir stuðning sinn og samstarf á liðnum árum, vil ég óska honum þess, að þrátt fyrir komandi elli verði honum æ bjartara fyrir sjónum. "Elli, þú ert ekki þung," sagði skáldið, og er það þó háð því skilyrði, að vel hafi verið lifað. En betur ver enginn lífi sínu en sá, sem reynt hefir æ, eins og Bjarni hefir gert, að styðja hið rétta og ekki hirt um, þótt fáir væru þar til liðsinnis. Fyrir slíkum hlýtur að vera bjart það, sem við tekur. Að vísu er hann þar á leiðinni þessi þröskuldur, sem ellihrörnunin er og annar aðdragandi dauðans. En nái hið rétta að sigra, ætti hann ekki lengur að vera kvíðvænlegur. Þegar hið rétta hefir sigrað, mun hver og einn hafa fulla starfskrafta til hins síðasta og dauðinn ekki vera öðruvísi en það að sofna og gleyma sér um stund.

Þorsteinn Jónsson
á Ulfstöðum.

SAGT FRÁ DRAUMI.

Mig dreymdi að ég þóttist vera staddur úti og sá einkennilegt hús mosagult eða brúnt að lit og voru veggir að nokkru mosavaxnir. Hærri og meiri hluti þess var gluggalaus og þótti mér sem húsið væri hringlaga eða sporöskjulaga, en þak þess mynda lága kúpu. Þessi hluti hússins var all hár, en húsið það stórt um sig að hæð og breidd virkuðu samsvarandi, þóttist ég vita að þessi hluti hússins væri byggður snemma á miðöldum. Minni og lægri hluti þessa húss var yngri, líklega nokkurra áratuga gamall, og myndaði hring eða sporöskju eins og hinn hluti þess. Yngri hluti hússins var byggður úr snúnum súlum er lágu að nokkru á ská og mynduðu einskonar gluggaumgjörð, sem líktist að nokkru mannabúkum. Þak þessa hluta var einnig lág kúpa og var ótrúlega mikið samræmi milli þessara ólíku húshluta og varð mér hugsað til þess hvílíkur snillingur sá húsameistari hefði verið er byggði yngri hluta þess og samræmdi þeim gamla. Umhverfis húsið, svo langt sem athygli mín náði, voru eggsléttar grasflatir með mjög snöggu grasi, sýnilega ræktuðu af mannahöndum, á við og dreif á þessum grasflötum voru limamikil tré, en ekki varð ég var við aðrar byggingar í nágrenni hússins, en ég þóttist kunnugur þarna og vita deili á öllu umhverfi. Ég hafði vitneskju um að undir húsinu væru miklir kjallarar, tvær hæðir niður í jörðina, og byggi þar starfsfólk hússins, en einnig væri þar bústaður kvikfénaðar og fleira. Þótti mér sem göng lægju frá framanverðu húsinu skáhallt niður í þessa kjallara og vissu fáir um þau. Ég þóttist vita að hús þetta væri bústaður austurlenzks sendiherra (indversks ?) og væri hann mjög sterk persóna en viðsjál.

Víkur nú draumnum og þóttist ég vera kominn niður í kjallara þessa húss. Fór ég þar um og þóttist ég jafnvel geta átt þarna gistirúm, en var þó alls ekki heimamaður þar. Fannst mér allt í þessum kjallara bera vott miklum aga og hræðslu við eitthvað, sem ég gerði mér þó ekki nánari grein fyrir.

Enn víkur draumnum og var ég nú kominn í sal mikinn í þessu húsi og var þar einhverskonar veizla í boði áðurnefnds sendiherra. Þar var fjöldi stórmenna og var ég einn gestanna. Ég þóttist vita að eitthvað myndi ske í veizlu þessari og þóttist ég vera kominn þarna til að upplýsa eitthvert mál eða vinna sérstakt verk í sambandi við sendiherrann. Líður nú á veizluna og fóru gestir í hliðarsal og var þar allt svipað umhorfs, en þó tók ég eftir vegghluta sem var sléttur og ber og voru á honum dyr, huldar af einföldum skermi. Kom nú sendiherrann og var með hlut einhvern, (líklega stein) í hendi og bauðst til að sýna leik nokkurn frá landi sínu. Tóku flestir því vel, en ég þóttist byggja upp styrk minn eftir getu, því mér þótti sem sendiherrann gerði þennan leik til að ná valdi yfir gestunum og áhrif-

um í gegn um þá. Vissi ég hlut þann er hann hélt á vera hjálpartæki við þessa athöfn. Sendiherrann tók sér nú stöðu við hlífina og bera vegginn, og mátti nú greina á veggnum dauft dökkleitt rósamynstur. Eg þóttist sjá að sendiherrann strauk eða nuddaði hlutinn og sá ég nú að þetta var flangur hlutur, 12-15 cm langur og virtist þetta helzt vera einhverskonar dauft sjálflýsandi steinn. Þegar sendiherrann strauk hlutinn gerðust ýmsar sjónhverfingar og villur, sem ég þó veitti litla athygli. Þegar leikurinn náði hámarki voru komnir til sendiherrans tveir efldir aðstoðarmenn og voru tilbúnir við hlífina, en útlit sendiherrans tók nú að breytast og taldi ég það stafa af afli því er hann drægi frá gestunum. Gestirnir voru nú á valdi sjónhverfinganna, en ég sá hvernig sendiherrann smábreyttist og leit að lokum út eins og api, hélt hann enn á hlutnum og lýsti nú meira af honum en áður, skauzt nú sendiherrann bak við hlífina og þar inn um dyrnar en ég stóð nærri og náði að kippa í hlutinn og vildu þá báðir halda, en hann brotnaði þá og hélt ég u.þ.b. helming hans í hendi mér og stakk í flýti í vasa og hugsaði nú um það eitt að komast á brott.

Víkur nú enn til og var ég kominn í herbergi eða sal í kjallara þessa sama húss og þóttist ég vita að eftir mér og hlutnum yrði leit-að. Hélt ég mig þar sem ég bjóst við að mín yrði síður leitað og hafði einskonar fylgsni að dvelja í. Varð ég nú var við að sendiherrann var kominn þarna niður til að leita og faldi ég þá hlutinn innan á mér og þótti mér sem hann gæti ekki skynjað það. Þótti mér mikill styrkur fylgja þessum hlut, en sýnilega skorti sendiherrann eðlilegt afl, er hann hafði ekki allan hlutinn. Þóttist ég nú hafa nægan styrk og fór úr fylgsni mínu og er sendiherrann sá mig, reyndi hann að fá mig til að afhenda hlutinn, en skorti afl til að etja við mig. Reyndi hann að tala til mín, en ég lét ekki að orðum hans. Þóttist ég nú hafa unnið það sem ég hafði ætlað og var mikil gleði í hug mér og jafnframt sjálfsöryggi og vissi ég mig nú hafa það afl að sendiherrann gæti ekki unnið mér skaða. Fór ég nú að tygja mig til ferðar frá þessum stað. Úr því fjaraði drauminn og festist ekki fleira í minni.

Haukur Sigtryggsson.

"ALHYGÐ" OG ÍSLENZK HEIMSPEKI

Um Alhygð Einars Benediktssonar, sem Ævar Kvaran las í útvarp 4. apríl er það fyrst að segja, að hún lýsir stórgáfulegum hugmyndum hins mikla skálds um ágæti tungunnar og mátt hinnar réttu hugsunar og það mannkynshlutverk Íslendinga að koma á sambandi við aðrar stjörnur. Er þetta því eftirtektarverðara sem greinin er skrifuð ekki allfáum árum eftir útkomu Nýals dr. Helga Pjeturss, en Einar mun aldrei hafa áttað sig á því, hvað þar var um að ræða. Verður að líta svo á að Einar Benediktsson hafi þarna verið innblás-

inn af æðri mætti, frá öðrum stjörnum, til að taka undir með hinni íslenzku kenningu, þó að hann megnaði það ekki af eigin ramleik, vegna ýmsra fyrirframsannfæringa, sem tálmuðu honum þar að sjá hið rétta - og er þetta einmitt eftir því sem búast mátti við um skáld. Margt það sem snjallast er hjá skáldunum, er haft eftir Sókratesi, skilja þau sjálf jafnvel síður en aðrir menn, og vita ekki hvernig þeim hefur vitnast það. Og af þessu dregur hann þá ályktun, að þeim væri vizkan léð af einhverjum öðrum, betur vitandi, og þá líklega einhverjum verum í líkingu við Guði þá, sem Forn-Grikkir trúðu á, og tvímælalaust hafa verið íbúar annarra hnatta.

Þorsteinn Guðjónsson.

UPPHAF MANNVITS OG NAUÐSYN FULLKOMNARI LÍFSAMBANDA.

I.

Þróunarkenning Darwins sýnir fram á, hvernig ein dýrategund þróaðist fram af annarri, allt frá örófi alda. Líkamlegir eiginleikar þeirra tóku breytingum smátt og smátt. Að lokum tók ein þeirra að líkjast afkomanda sínum, manningum. Á hinum óralöngu öldum lífs-sögunnar hafði hinum skapandi mætti loks tekizt að sveigja þróunina svo langt í þessa átt, að ein dýrategundin á þessum hnetti átti fyrir sér að verða maður. En til að gera dýr að manni þurfti meira en líkamsformið eitt, þótt það muni vera nauðsynleg undirstaða þess, að mannvit geti tekið sér bústað í heila slíkrar veru.

Lífsambönd dýra munu ekki vera við miklar vitverur. Að minnsta kosti mun það vitsamband vera næsta ófullkomið.

Vit mannsins stendur viti dýranna mjög miklu framar, að því er snertir ályktanir og skapandi hugsun.

II.

Ég hygg að eitthvað alveg sérstakt hafi þurft til að hefja hugsun þessa frummanns, þannig að þar kom fram mannvit í stað þess vits, sem dýrin eru gædd.

Ég hygg að til þess að ná þessum þætti þróunarinnar, hafi hinn skapandi kraftur þurft að leggja sig alveg sérstaklega fram.

Og það sem þurfti, mun fyrst og fremst hafa verið það, að glæða og koma á miklu fullkomnari samböndum við einhverjar vitverur á öðrum hnöttum, sem lengra væru komnar en menn í vitáttina, en væru þó nægjanlega skyldar hinum verðandi manni til þess að samband gæti tekizt og orðið varanlegt.

Síðan þetta vitsamband mannsins komst á við betur vitandi verur á öðrum hnöttum, mun framför í vitkun hans ekki hafa orðið stór-

vægileg. Mun það stafa af því, að maðurinn er enn í samskonar vit-samböndum og þeim, sem þurfti til að breyta dýri í mann. Þess vegna er þróun okkar svo hægfara, og stefnir auk þess meira í vísit-átt en sanna framfaraátt.

III.

Þróunarsaga lífsins á okkar jörð mun þannig komin að þriðja stiginu í lífssögu sinni. En það er nauðsynin á að komast í æðri orkusambönd en hingað til hafa verið ráðandi. Til þess að það megi takast, verður maðurinn að hafa uppgötvað lífsbandið í alheimi og þátt þess í allri þróun. Og það vill svo vel til, að Íslendingur hefur fyrir nokkrum tugum ára leyst þessa þraut. En enn hefur þessi uppgötvun hans ekki verið þegin að neinu ráði. Og því eru horfur á, sem stendur, að farið verði fram hjá því marki, sem þróuninni hefur verið beint að, en það er að koma á fullkomnari orkusamböndum mannkynsins við mannkyn á æðra framþróunarstigi á öðrum hnöttum, svo að komizt verði fram yfir mannsstigið. En til þess mun í rauninni þurfa sambönd við guðlegar verur, en slíkra sambanda hefur ekki verið notið hér, nema sem stundarfyrirbrygða. Það eru einmitt slík orkusambönd, sem mannkyninu ríður nú hið mesta á að komast í, ef ekki á svo að fara sem horfir.

Ingvar Agnarsson,
í marz, 1967.

LÝSANDI VERA LÍKAMAST

Í smáriti sem Aðventistar hér hafa dreift meðal meðlima sinna er að finna eftirfarandi frásögn.

" Það var laugardaginn 5. marz, 1966, kl. 14.15 að Hr. Steffen, 36 ára gamall skólustjóri málaskóla nokkurs í Þýzkalandi og þrír af nemendum hans urðu vitni yfirnáttúrlegs atburðar, þar sem þau voru í kennslustund. Þótti þeim sem skriftin á töflunni hyrfi og síðan taflan sjálf, veggslampar, skápur veggir og loft. Þétt gráleit þoka eða ský, sem líktist baðmull, nálgaðist. Úr þokunni miðri skein skært ljós, sem kom nær. Stofan varð leifturbjört og skyndilega stóð hávaxin vera í ljósdýrðinni. Klæði hennar runnu saman við þokuna. Það var sem hún væri hjúpuð skýi. Af vingjarnlegri ásjónu hennar stafaði geislaflóði. Sjá mátti stór augu, en ekkert hár var sýnilegt, þar eð höfuðið var umkringgt ljósi eða eldtungum. Öll þau fjögur, sem þessa veru sáu voru sem lömuð og fundu ekki til líkama síns. Heyra þau nú léttan þyt

og tekur þá veran til máls og mælir skýrt á þýzku: "Ottist ekki, ég er sendiboði Drottins. Síðan sagði hún, að Guð ætti útvalinn lýð. Þau ættu að ná sambandi við fólk Guðs í landinu stóra hand- in hafsins þetta fólk mundi taka vel á móti þeim og hjálpa þeim til að sigrast á valdi Satans ". Ýmislegt fleira sagði veran, í svipuðum anda 'Síðan hvarf veran og þokan, svo að þau sáu aftur veggina og töfluna í stofunni ". Síðan segir: "Þetta fólk leitaði ekki Guðs og vildi ekkert um hann heyra". Og síðar í greininni segir: "Þegar þau voru spurð að því, hve lengi þau héldu að sýnin hefði varað, sögðust þau ekki hafa haft neina hugmynd um stað og stund ".

Þetta eru nokkrar tilvitnanir í umrædda grein, en hún er alllöng. Segir þar m. a. frá tilraunum þessa fólks til að ná sam- bandi við réttan trúflok, sem endaði með því að nú sækja þau biblíufræðslu hjá formanni Aðventista á staðnum.

Eftir því sem lýsing þessi ber með sér hefur þarna ver- ið um að ræða líkamning veru nokkurrar sem er björt og fögur. Af einhverjum ástæðum hefur þarna verið fyrir hendi aflsvæði nokkurt eða samstilling, svo að hún hefur getað komið fram. Boðskapur sá, sem hún hafði að flytja, hefur aftur á móti aflag- ast. Móttökuskilyrði ekki verið fyrir hendi, svo sem skyldi. Bendir þó framkoma þessarar sýnar til þess að einhverjum merk- um boðskap hafi átt að reyna að koma fram. En þar sem um skilning á lífsbandinu er ekki að ræða, mun þess varla að vænta að slíkt takist.

Ingvar Agnarsson

12. febr. 1967.

EFTIRMÆLI TÝNDRAR RITGERÐAR.

Fyrir um það bil 40 árum samdi ég grein, sem ég nefndi Hring- rás og hækkun, og hefi ég hana ekki lengur í höndum. En tilefni henn- ar var sá skilningur minn, sem ég þá nýlega hafði öðlast, að jafn- framt hringrás eða endurtekningum tilverunnar sé ævinlega einhver viðbót eða hækkun. Lokaður hringur skildist mér, að þar gæti ekki komið til greina fremur en það, að nokkrir tveir einstaklingar geti verið alveg eins, og neitaði ég því alveg þeirri kenningu, sem þá var haldið fram og kennd við Einstein, að ljós hverrar sólar muni að lokum koma niður á sama stað og það hófst. Var sú kenning leidd af þeirri staðhæfingu, sem nú er ekki framar talað um, að ljósgeisl- inn fari ekki beint. Gerði ég að vísu ráð fyrir, að þessi staðhæfing væri ekki röng nema að því leyti, að geislunin komi æ niður á sama stað og að sumar stjörnur séu því einungis ljóshnútar og þar af leið-

andi blekkingar. Það sem ég hugsaði mér var, að allur kraftur hljóti æ að sveifla sér fram og úr stað, og að ljósið geti þar ekki verið undanskilið. En það sem grein þessi annars átti sérstaklega að túlka, var samverkan hringrásarinnar og hækkunarinnar ekki einungis í atburðarás heimsins, heldur einnig í lífi og list. Hringrásin eða endurtekningarnar er það, sem tengir og samræmir. Hún er hátturinn eða fallandinn jafnt í dansi stjarnanna og í hrynjanda lífs og ljóðs. Hinsvegar er það svo hækkunin eða það, að ekki sé einungis um endurtekningar að ræða, sem gefur atburðarásinni gildi og listinni innihald, og er guðsríkisstefnan það og fegurðarinnar, að hvorttveggja haldist réttilega í hendur. Því betri sem háttbindingin er og samræmingin, því fremur verður eitthvað ágengt til hækkunar og frumleiks. Og svo á hinn veginn. Því fremur sem hækkunin eða frumleikinn er þeginn á einhverjum stað, því betur verður samræmingarinnar notið eða hrynjanda endurtekninganna. Og hvort skyldi þess nú verða notið sem hrynjanda hinna skapandi endurtekninga, að ég segi það hér enn einu sinni, sem ég oft hefi vikið að áður, að öll tilvera sé einstaklings-tilvera og sambönd einstaklinga. Mér virðist, að þar sé sú undirstaða, sem allur skilningur á tilverunni hljóti að byggjast á. Rétt eins og hringrás og hækkun hljóta að fylgjast að í allri jákvæðri atburðarás, lífi og list, þannig hlýtur þetta tvennt að vera undirstaða allrar tilveru. Sambönd geta ekki átt sér stað án þess að vera á milli einingja og eins og ég hefi nú hvað eftir annað tekið fram, þá getur enginn hlutur verið til án sambanda við aðra hluti. Hinsvegar gera svo samböndin hvorttveggja að verða af og leiða til atburðarásar þeirrar eða sögu, sem bætir við sig æ og óaflátanlega. Sem framhald af því, sem mér skildist fyrst fyrir 40 árum, blasir það nú við, að efni, kraftur og framvinda hljóti æ að fylgjast að, og verður þannig óhjákvæmileg sú ályktun, að heimurinn bæti æ við sig. "Vér verðum að hugsa oss óendanlegan verund, og einmitt af því að hann er óendanlegur bætir hann æ við sig, "segir Helgi Pjeturss í Nýal, bls. 33. En það sem ég segi nú, er á þá leið, að án þess að vera óendanlegur og án þess að bæta æ við sig hefði heimurinn aldrei getað orðið til, og var hér á undan vikið að rökum mínum fyrir því.

Manni nokkrum, sem að vísu hafði eitthvað lesið í Nýal, en ekki áttað sig á sannindum hans fannst þar alltaf vera verið að stagla á hinu sama, og var þar hið síðartalda afleiðing af hinu fyrirtalda. Vegna vanskilnings síns á raunveruleikanum þar fannst honum það, sem kalla mætti hrynjanda eða hátt hugsunarinnar einungis dauðar endurtekningar, og er hér enn ástæða til að minna á ákveðið lögmál. Ættarmót innan einhvers hóps eða tegundar virðist manni því fremur vera hrein endurtekning eða tilbreytingarleysi, sem tegundin eða einstaklingar hópsins eru honum meir framandi. Og skyldi nú einhver vera sá meðal lesenda þessa blaðs, sem finnur hér ekki annað en leiðinlegar endurtekningar, þá kynni það að einhverju leyti að

stafa af samskonar ástæðu og nefndum lesanda Nýals fannst þar svo mjög um endurtekningarnar. Og enn hygg ég það stafa af samskonar ástæðu, þ. e. vanskilningi á undirstöðuatríðum, ef einhver telur það einstrengingshátt hjá mér eða þröngsýni að ganga svo fram hjá allri dulrænu, sem ég geri. Dulræna getur aldrei verið annað en þoka, og stafar það af engu öðru en gætuleysi til að gera mun á viti og vitleysu, ef einhver hneykslast á afdráttarlausri neitun minni gagnvart sumum guðspekikenningum og andatrú. Það er allt annað en að vera sannarlega víðsýnn og móttækilegur gagnvart nýjum sannindum að vera þar á báðum áttum. Til þess, að stökk geti átt sér stað fram á við, verður það að vera traust og vafalaust, sem staðið er á. Og nú vil ég enn taka það fram, sem mér virðist alveg óhætt að standa á: Allur kraftur er sambandsfyrirbæri, en sambandsfyrirbæri eru hinsvegar aldrei annað en tengsl á milli hluta. Og enn langar mig til að taka það fram, sem ég hefi víst oft tekið fram áður: Hinir óendanlegu möguleikar lífsins til fegurðar og annars sannarlegs þroska felast í engu öðru en því, að sambönd efniseininganna verði æ fullkonnari og betri. Ást eininganna hvers á öðrum er skilyrði þess, að sambönd þeirra verði fegurðardans. En það sem leiða mætti til slíks meðal manna, væri framar öllu framgangur hinnar réttu hugsunar.

Þorsteinn Jónsson.

EINA RÁÐIÐ.

Gott þótti mér að heyra því haldið fram í hinu vel hugsaða og eftirtektarverða útvarpserindi dr. med. Árna Árnasonar, Eina ráðið, að siðgæðisgrundvöllur mannkynsins þurfi að verða ekki ótraustari en hin allratraustustu nútímavísindi. Tók ræðumaður það réttilega fram, að upphaf hinnar heimsfræðilegu þekkingar og tæknilegu framfara hafi orðið með því, að menn hættu að láta sér nægja ýmiskonar heilaspuna um eðli og veruleik tilverunnar en tóku í þess stað að leita eftir hinum óbreytanlegu lögmálum hennar.

En þó að fjarri sé mér að vilja afneita ágæti Kristindómsins og annara trúarbragða, þá er þar ekki um að ræða hliðstæðu þeirrar undirstöðu, sem lögð var af mönnum eins og Kópernikusi, Galilei og Newton. Þar sem aðeins er um trú að ræða, er þekkingin ekki komin til sögunnar, og vil ég þó taka það skýrt fram, að ekki tel ég trúarbrögðin án sanninda. Trúarbrögðin og þá einnig hin kristnu eru, eins og vitur maður hefir sagt, misskilningur á meginsannindum, og þarf ekki annað en að minna á hinar mörgu trúarbragðadeilur til að sanna misskilninginn þar. Ráðið eina til að bjarga væri þannig ekki það, að snúast á móti trúarbrögðunum eða að ganga fram hjá þeim, heldur að leita þar fram til raunverulegrar þekkingar og skilnings, sem til þessa hefir aðeins verið trú og misskilningur.

Menn þurfa, eins og dr. med Á. Á. hélt svo réttilega fram, að vita það víst, að maðurinn lifi þótt hann deyi, og að framtíð hans eftir dauðann verði bein afleiðing af lífernri hans hér. Og hér þarf í rauninni miklu meira en það. Menn þurfa nú þegar hér á jörðu að ná miklu fullkomnari tökum á hinum guðlega krafti en þeir nokkru sinni hafa áður gert, án þess mundi þeim naumast takast að undirbúa hverjum og einum góða framlífsframtíð. En til þess nægði ekki minna en raunveruleg þekking. Til þess að fá óumdeilanlega vissu fyrir því, að lifað sé áfram eftir dauðann, og að það líf verði samkvæmt lífernri manna hér á jörðu, þarf slíkt að verða líffræði en ekki einungis trúaratriði. Það sem þarf, er því ekki minna en raunverulegur skilningur á því, hvað lífið er í sínu innsta eðli, hvað að því stendur, hver tilgangur þess er og hvernig því yrði bezt komið í rétt horf. Og gæti menn nú að, hvort byrjun til slíks skilnings hefir ekki þegar komið fram og það meira að segja hér á landi, þó að flestum muni þykja það heldur ólíklegt.

Vísir, 29. IV. 59. Þorsteinn Jónsson.

UPPRISA HOLDSINS.

Akaflega þakkarverð þótti mér grein sr. Arelíusar Níelssonar, sem birtist í "Tímanum" þann 19. febr. sl., og er gleðilegt, að mikilsmetinn kennimaður skuli, svo sem þar er gert, andmæla því rétttrúnaðarmyrkri, sem svo mjög virðist leita á innan kirkjunnar. En þó að ég andmæli því auðvitað ekki, að breyta þurfi ýmsum kennisetningum kirkjunnar til samræmis við þekkingu nútímans, þá þykir mér ekki ólíklegt, að sumt af því kynni að verða ekki allskostar í rétta átt, og vil ég hér sérstaklega nefna kenninguna um upprisu holdsins. Nú er að vísu ekki svo að skilja, að mér komi til hugar að trúa því, að hinir látnu rísi nokkru sinni aftur upp úr gröfum sínum, því að slíkt væri að trúa hinni mestu fjarstæðu. En hafa menn hinsvegar gætt að því, hversu mikil fjarstæða það einnig er að tala um upprisu andlegs líkama?

"Af jörðu skaltu aftur upprísa," var (og er stundum enn) sagt, þegar þriðju reku var kastað að kistu látins manns. En leiðréttingin hefir þar orðið sú að tala um upprisu andlegs líkama.

En hvað er andlegur líkami?

Þegar talað er um andlega hæfileika einhvers, þá er með því ekki átt við neitt líkamlegt, og ættu því allir að geta sé, að andlegur eða sálarlegur líkami er hið mesta vandræðaorð. En hér er nú ekki einungis um að ræða rök málsins, sem oft geta þó verið furðu sterk. Hér er einnig um það að ræða, sem viðkemur líffræði. Og hvað mundi vísindalega þenkjandi líffræðingur segja um andlegan líkama? Ég held

hann kannaðist ekki við tilveru hans.

En er þá öllum leiðum lokað til leiðréttingar í þessu efni, nema neituninni einni? Sem betur fer er svo ekki. Ein leið er til, sem, þótt ótrúlegt kunni að virðast, er í fullu samræmi við það að halda hinum fornu greftrunarorðum óbreyttum. - Því hefir að vísu ekki verið haldið fram í neinni viðurkenndri líffræði, að eftir dauðann endurlíkamist maður á einhverri annari jörð. En sem framhald (og leiðrétting) hinnar vísindalegu líffræði mundi það eitt geta staðizt.

Birtist í "Tímanum" 18. III. 67. Þ. J.

LÍTILL EFTIRMALI.

Í stað hins venjulega í eftirmálum mínum að ræða eitthvað um það, sem í blaðinu birtist, vík ég nú lítillega að nokkru því, sem ekki hefir verið getið um þar, en það er frá félagsfundi. Síðan á áramótum hefir hér engin fundargerð birzt, og vænti ég þess, að ritari félagsins muni bæta úr því síðar. En eitt er þó þar, sem ég get ekki látið ógetið nú þegar. Eins og ef til vill mætti ráða af draumi Hauks Sigtryggssonar, þá hefir nú meira en oft áður komið til tals að ráðast í byggingu stjörnusambandsstöðvar, og hafa sambandstilraunir nokkurra félagsmanna orðið til þess að vekja áhuga á því. Og síðast er ég var viðstaddur almennan félagsfund Nýalssinna, sem var kvöld hins fyrsta miðvikudags í maí, gat einn félagsmanna um spádóm þess efnis, að þessi bygging muni verða komin upp fyrir en líklegt mætti ætla, og til að flýta fyrir því, að sá spádómur megi rætast, lagði hann þar fram kr. 10.000.00. Varð þarna á eftir um nokkur viðbótarfjárframlög að ræða, og má því segja, að veruleg byrjun hafi þarna verið hafin. Og þar sem óhætt mun að segja, að ekki sé hann hátekjumaður, sem fyrstur reið þarna á vað, þá væri ekki nema sanngjarnt að ætlast til, að aðrir láti ekki sitt eftir liggja.

Varðandi það, hvernig hin fyrsta stjörnusambandsstöð skuli verða, hefir enn ekkert verið ákveðið, og hafa þar þó komið fram nokkrar tillögur. Þó má telja víst, að ekki sé hugsað til þess að hafa þar neitt stórhýsi, heldur aðeins samkomustað við hæfi núverandi Nýalssinnafélags, og þó ekki án þess að vera stílfagurt ásamt því að vera einfalt. Mundu vafalaust verða vel þegnar allar skynsamlegar tillögur frá félagsmönnum varðandi slíkt. En það sem ég einkum vildi láta þennan litla eftirmála tilkynna hverjum einum félagsmanni er sú hafning þessa máls, sem þegar hefir verið getið. Fjárframlög til byggingar stjörnusambandsstöðvar hefir þegar verið hafin, og verði framhaldið þar í samræmi við upphafið, mun árangursins ekki verða langt að bíða. Samkvæmt því, sem í gegn hefir komist á áminnztum sambandstilraunum, þá er þar nú nokkurs árangurs að vænta. En til þess, að vel megi takast þar, þarf einnig nokkurn viðbúnað af okkar hálfu, sem gerður væri af fullri trú á gildi málefnsins.

Þ. J.